

Árneshreppur
Norðurfirði
524 Árneshreppi

Garðabær, 30. september 2025
202509-0098/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Árneshrepps vegna jarðstrengs og lagfæringa á Ófeigsfjarðarvegi

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Árneshrepps vegna skipulagslýsingar fyrir breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005–2025 og nýtt deiliskipulag, sem barst Náttúruverndarstofnun 15. september sl.

Skipulagslýsingin tekur til lagningar jarðstrengs frá Melum að Hvalá ásamt lagfæringum á Ófeigsfjarðarvegi. Í greinargerð kemur fram að jarðstrengurinn verði lagður meðfram veglínu og veghelgunarsvæði Ófeigsfjarðarvegar, alls um 20 km, frá tengipunkti Orkubús Vestfjarða á Melum að fyrirhuguðum vinnubúðum við Hvalá. Að auki eru áform um tilfærslu og endurbætur á veglínu Ófeigsfjarðarvegar á köflum, meðal annars við bæinn Ófeigsfjörð, með það að markmiði að draga úr áhrifum á náttúru- og menningarminjar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt greinargerð er gert ráð fyrir að jarðstrengurinn verði plægður niður í veglínu Ófeigsfjarðarvegar. Slík framkvæmd getur, ef hún er unnin með vönduðum hætti og fylgt er eftir með fullnægjandi frágangi, haft tiltölulega lítil og tímabundin áhrif á gróður og jarðveg. Að því gefnu má gera ráð fyrir að umhverfisáhrif jarðstrengsins verði óveruleg til lengri tíma.

Stofnunin leggur þó áherslu á að þetta gildi einungis ef frágangur verður vel útfærður og vöktun tryggir að raskað svæði nái að endurheimtast. Sérstaka varúð þarf að gæta á köflum þar sem strengurinn liggur um vistgerðir með hátt verndargildi, svo sem lyngmóavist og stinnastaravist.

Hvalárvirkjun

Náttúruverndarstofnun bendir á að óljóst er af gögnum hvort sú framkvæmd sem hér er til umfjöllunar – lagning jarðstrengs frá Melum að Hvalá og lagfæringar á Ófeigsfjarðarvegi – sé skilgreind sem hluti af verkefni um Hvalárvirkjun eða hvort hún sé metin sem sjálfstætt verkefni. Í greinargerð kemur fram að framkvæmdirnar tengist undirbúningi virkjunar, en ekki er ljóst að þær hafi verið teknar sérstaklega til skoðunar í umhverfismati Hvalárvirkjunar.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að horfa á þessar framkvæmdir í heildarsamhengi við Hvalárvirkjun. Jarðstrengur, vegagerð og aðrar stoðframkvæmdir eru órjúfanlega tengdar virkjunarverkefninu og hafa í för með sér samlegðaráhrif á vistkerfi, landslag og menningarminjar. Nauðsynlegt er því að meta áhrif þessara framkvæmda í samhengi við virkjunina sjálfa, en ekki einangraðar frá henni.

Sérstök vernd

Í greinargerð kemur fram að innan og í jaðri framkvæmdasvæðisins geta verið vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun bendir á að ef innan framkvæmdasvæðisins séu náttúruvirkbæri sem njóta sérstakrar verndar þarf að fjalla um þau í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúruvirkbærinum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Vistgerðir og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Í greinargerð kemur fram að fjölbreyttar vistgerðir séu innan og við skipulagssvæðið, þar á meðal lyngmóavist, stinnastaravist, grasmelavist, og fjöruvistir.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þessar vistgerðir hafa almennt hátt verndargildi. Lyngmóavist og stinnastaravist eru t.d. mikilvægar búsvæðategundir fyrir mófugla og eru metnar með hátt verndargildi á landsvísi. Fjöruvistir, sem finnast við Ófeigsfjörð og Ingólfsfjörð, eru jafnframt mikilvægar fyrir bæði fugla og seli, og njóta verndar samkvæmt Bernarsamningnum.

Nauðsynlegt er að tryggja að framkvæmdin valdi sem minnstu raski á vistgerðum, bæði við lagningu jarðstrengsins og við lagfæringar á Ófeigsfjarðarvegi. Sérstök áhersla er á mótvægisáðgerðir við frágang raskaðra svæða, svo sem með landmótun og endurheimt gróðurs. Þar af leiðandi er mikilvægt að mati Náttúruverndarstofnunar m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

Rannsóknir á Suðurlandi

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfuttillings. Ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.¹

¹ <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

Landslag

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ber við hönnun vega að gæta að því að þeir falli sem best að svipmóti lands. Það á sérstaklega við í þessu tilviki þar sem vegurinn liggur um viðkvæmt landslag á Ströndum þar sem fá mannvirki eru fyrir. Því er mikilvægt að leggja áherslu á að lega og frágangur vegarins verði útfærð þannig að lágmarkað verði sjónræn áhrif á landslag og að rask verði takmarkað eins og unnt er.

Mótvægisaðgerðir og frágang

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á eftirfarandi atriði:

- **Jarðstrengur:** Þar sem strengurinn verður plægður niður í veglínu er mikilvægt að frágangur raskaðra svæða sé vandaður. Geyma skal yfirborðsjarðveg (svarðlag, torf og mosa) þar sem við á og leggja hann aftur yfir strenginn að lokinni plægingu til að flýta endurheimt gróðurs og fela ummerki framkvæmdanna.
- **Vegagerð:** Við tilfærslu vegarins þarf að velja legu sem fylgir röskuðum svæðum eins og kostur er. Frágangur vegarins þarf að fela í sér landmótun sem fellur að landslagi, með það að markmiði að draga úr sjónrænum áhrifum.
- **Gróður og vistgerðir:** Við frágang skal nota staðargróður eins og kostur er. Forðast ber að sá tilbúnu grasfræi eða nota áburð sem getur myndað gróskumikið graslandi sem stingur í stúf við nærliggjandi vistgerðir. Þar sem rask verður á vistgerðum með hátt verndargildi þarf að grípa til endurheimtaraðgerða.
- **Fuglalíf:** Sérstaklega skal huga að verndun búsvæða mófugla á svæðinu, þar sem truflun eða röskun á varptíma getur haft alvarleg áhrif á stofna ábyrgðartegunda Íslands.
- **Vöktun:** Hægt er að skilgreina vöktunaráætlun sem metur árangur frágangs og endurheimtar. Vöktun þarf að standa yfir nægilega lengi til að meta raunveruleg langtímaáhrif framkvæmdanna.

Að mati stofnunarinnar er lykilatriði að frágangur raskaðra svæða verði ekki metinn sem formsatriði, heldur sem óaðskiljanlegur hluti framkvæmdarinnar sem krefst áætlaðs kostnaðar, ábyrgðar og eftirlits.

Umhverfisþættir og viðmið

Í greinargerð kemur fram að við umhverfismat skipulagsins verði einungis fjallað um vatn, jarðveg, jarðmyndanir, plöntur og loftslag.

Umhverfismat samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal taka til allra þeirra þátta sem líklegt er að framkvæmdir hafi áhrif á, þar á meðal fuglalíf, seli, vistgerðir, landslag. Aðeins með heildstæðri nálgun er hægt að meta raunveruleg áhrif framkvæmda og greina hvar mótvægisaðgerðir eru nauðsynlegar.

Einnig er óljóst í skipulagslýsingunni hver **umhverfisviðmiðin** séu sem matið á að byggjast á. Nauðsynlegt er að tilgreina þau viðmið með skýrum hætti, hvort sem þau eru sett fram í lögum og reglugerðum, landsskipulagsstefnu, náttúruverndaráætlun, vatnaáætlun, verndar- og orkunýtingaráætlun eða öðrum stefnumarkandi gögnum stjórnvalda.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að þessi atriði verði útfærð ítarlegar áður en til frekari vinnslu skipulagsins kemur, þannig að tryggt sé að umhverfismið byggist á fullnægjandi forsendum.

Samráð

Náttúruverndarstofnun áskilur sér rétt til að fjalla frekar um verkefnið á síðari stigum, þar á meðal í skipulagsferli, við útgáfu framkvæmdarleyfa sveitarstjórna, í umhverfismatsferli og við veitingu rannsóknar- og nýtingarleyfa hjá Umhverfis- og orkustofnun.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Skúli Þórðarson

verkefnastjóri